FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Grunnteikning 1
Námsgrein:	grunnteikning
Viðfangsefni:	fallmyndun, fríhendisteikning, teikniskrift, ásmyndun
Skammstöfun:	GRTE1FF05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrri efnisþætti læra nemendur fallmyndun og í þeim seinni ásmyndun og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • gerð fallmynda • gerð sneiðmynda á einföldum hlutum • vinnulagi við gerð einfaldra vinnuteikninga, svo sem málsetningu, mælikvörðum, myndröðun, staðsetningu teikninga á blaði, línugerðum og merkingu þeirra og styttingu flata og kanta • teikniáhöldum og tilgangi þeirra • teikningu ásmynda • málsetningu ásmynda
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota teikni- og mæliáhöld • teikna einfaldar fallmyndir og sneiðmyndir samkvæmt viðurkenndum stöðum og venjum • lesa og skilja einfaldar vinnuteikningar • skrifa teikniskrift • teikna fríhendis • teikna ásmyndir af einföldum hlutum samkvæmt reglum, stöðlum og venjum • málsetja ásmyndir fríhendis
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • lesa einfaldar fagbundnar teikningar á sviði hönnunnar og iðngreina • skipuleggja, teikna og miðla á skilvirkan hátt einföldum fallmyndum

	• skipuleggja, teikna og miðla á skilvirkan hátt einföldum fríhendisteikningum • leggja stund á frekara nám í teiknifræðum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.